



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD



NÆRINGARFRÆÐI





Næringarfræði

Næringarfræði er vísindagrein sem kannar áhrif næringar á bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði mannsins á öllum æviskeiðum og við ólíkar aðstæður.

Hefur þú áhuga á

- næringarþörf heilbrigðra og sjúkra á ýmsum æviskeiðum?
- hlutverki næringar í forvörnum og meðferð ýmissa sjúkdóma?
- þætti næringar við þjálfun og íþróttir?
- hlutverki og jafnvægi orkuefna, vítamína, steinefna og annarra efna úr fæðu í mannlíkamanum?
- gæðum matvæla út frá hollustu?
- möguleikum, vandamálum og hefðum sem tengjast næringu á Íslandi og í ólíkum heimshlutum?
- tengslum næringar við menningu, samfélag, umhverfi, iðnað og markaði?

Þá er nám í næringarfræði e.t.v. fyrir þig!

Nám í næringarfræði

BS-nám í næringarfræði er þriggja ára nám (180 einingar).

MS-nám í næringarfræði eða klínískri næringarfræði er tveggja ára nám (120 einingar).

Doktorsnám í næringarfræði er þriggja ára nám (180 einingar).

Næringarfræðinámíð er þverfaglegt og því bæði fjölbreytt og krefjandi. Það byggir á sterkum grunni raun- líf og heilbrigðisvísinda en veitir einnig innsýn í samfélagsfræði, sálfræði, samtalstækni, rekstur, umhverfismál og margt fleira.

Uppbygging náms og aðstaða nemenda

Námið er samsett úr fyrirlesturum, umræðutímum, verklegum æfingum einstaklinga og hópa, dæmatímum og verkefnum tengdum atvinnulífinu þegar það á við. Mikil áhersla er lögð á að draga fram sjálfstæði, vísindaleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og hæfni nemenda í lausnamiðuðu námi og að virkja frumkvæði og sköpunargáfu. Nemendur eru yfirleitt fáir á hverju ári og tengsl innan nemendahópsins og við kennara náin. Góður árangur í grunnnámi gefur möguleika á framhaldsnámi. Framhaldsnámið tengist m.a., Næringarstofu Landspítala og er aðstaða kennara og nemenda í sama húsi.

Nánari upplýsingar á www.naering.hi.is

Fjölbreyttur starfsvettvangur

- Næringarfræðingar starfa meðal annars hjá matvæla- og lyfjafyrirtækjum og öðrum einkafyrirtækjum, rannsóknastofnunum, háskólum og öðrum menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, sveitastjórnnum, eftirlits- og stjórnarsýslustofnunum, frjálsum félagasamtökum eða eru sjálfstætt starfandi.
- Störfin snúa meðal annars að rannsóknum, vöruþróun, markaðsmálum, kynningarmálum, vöktun og eftirliti, stjórnun, stefnumörkun, ákvörðunum um næringarfræðileg málefni og ráðleggingum um mataræði og eru bæði séríslensk og alþjóðleg.
- Stúdentum í framhaldsnámi býðst gjarnan að vera aðstoðarmenn í rannsóknum eða aðstoðarkennarar og undirbúa sig þannig undir framtíðarstörf.

Matvæla- og næringarfræðideild

- hefur það að markmiði að veita framúrskarandi kennslu í næringarfræði með fjölbreyttum kennsluháttum
- vill auka þekkingu samfélagsins á næringarfræði og veita þjónustu sem nýtist opinberum aðilum, fyrirtækjum, stofnunum og neytendum til lífsgæða og góðrar heilsu
- hefur kennara sem leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum sem standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi
- einkennist af nánu samstarfi á milli kennara deildarinnar og stofnana og fyrirtækja innanlands
- einkennist af erlendu samstarfi og eru kennarar þátttakendur í mörgum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum
- vill gefa nemendum tækifæri til að tengjast atvinnulífi og öðlast mikla reynslu í samvinnu við innlenda og erlenda aðila og möguleika á að taka hluta af náminu erlendis, enda er nám við deildina er góður undirbúningur fyrir framhaldsnám erlendis


Undirbúningur

Námið krefst stúdentsprófs eða annars sambærilegs prófs, æskilega af náttúrufræðibraut þar sem grunnþekking á efna- og líffræði er mikilvæg.

Félagslífið

Hnallþóra er félag matvæla- og næringarfræðinema við Háskóla Íslands. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna nemenda og efla samstöðu milli þeirra. Hnallþóra sér um öflugt og fjölbreytt félagslíf fyrir nemendur og skipuleggur meðal annars reglulega vísindaferðir þar sem fyrirtæki og stofnanir sem tengjast náminu eru heimsótt. Félagið heldur nýnema- og próflokapartý, hrekkjavökupartý, óvissuferðir, bústaðiferðir að ógleymdri árhátíðinni. Félagið stendur einnig fyrir sameiginlegum viðburðum með nemendafélögum annarra deilda háskólans.

Næringarfræði - skipulag námsins



Thelma Rut Grímsdóttir, MS nemi

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á mat og næringu auk þess sem mér finnst áhugavert að vita hvernig líkaminn starfar, þess vegna fannst mér næringarfræðin alveg tilvalin fyrir mig. Ég sé mörg tækifæri í næringarfræðinni í framtíðinni, meðal annars vegna þess að það er aukin vitundarvakning í samfélaginu um mikilvægi góðrar næringar.“



Vignir Snær Stefánsson, BS nemi



„Næring er einn af þeim þáttum sem gerir það að verkum að líf getur þrífist. Hver einasta lífvera hér á jörð er háð næringu á einn eða annan hátt og hún skiptir sköpun þegar kemur að heilbrigðum lífsstíl. Hún stuðlar að því að við vöxum og þroskumst og er stór partur af lífi hvers og eins.“

Það gerir það líka að verkum að margir hafa skoðun á málinu og oft mismunandi. Mér fannst því kjörið að taka slaginn á næringarfræði og komast að því hverju vísindin hafa í dag komist að um heilbriggt samband fæðu og manns og hvaða spennandi þekking er að verða til.“



Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinna fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafolk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala-Háskólasjúkrahús, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Skrifstofa Matvæla- og næringarfræðideildar · Eiríksgötu 29 · 101 Reykjavík · Sími: 543 8408 · Fax: 525 4891 · mn@hi.is · www.naering.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD